

Nd.

405. Lög

um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

(Afgreidd frá Nd. 20. ágúst).

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 3. gr. laganna komi:

Forðagæzlumenn skulu koma að minnsta kosti tvisvar til eftirlits á hvert heimili, sem þeim hefir verið falið til umsjár, til þess að athuga fóðurbirgðir og fénað búanda og gera þær ráðstafanir, sem þeir telja nauðsynlegar.

Fyrri skoðun skal lokið 15. okt. og þeirri síðari fyrir 15. apríl.

2. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 6. gr. laganna komi:

Það er skylda forðagæzlumanna að gefa hverjum búanda þær leiðbeiningar, sem þeir telja nauðsynlegar um fóðurásetning og skepnuhirðingu. Þeir skulu gefa búanda hæfilegan ákveðinn frest til framkvæmda, ef um öflun fóðurs, förgun fénaðar eða annað þessháttar er að ræða.

Að liðnum þeim fresti, sem tiltekinn var, skal forðagæzlumaður kynna sér nákvæmlega, hvort þeim ráðum, sem hann gaf, hafi verið fylgt. Hafi það ekki verið gert, þá ber honum að tilkynna hreppsnefnd það þá þegar. Skal hún þá svo fljótt sem unnt er senda 2 áreiðanlega menn með forðagæzlu-manni til þess að athuga á ný allt, sem að málinu lýtur.

Að því búnu ber forðagæzlumanni og skoðunarmönnum að gefa hreppsnefnd skýrslu um ástandið, og láta tillögur fylgja um, hvað gera skuli til þess að koma i veg fyrir fóðurskort.

3. gr.

Fyrir „2 kr.“ i 7. gr. laganna komi: 4 kr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir fjáreigandi, að dómi forðagæzlumanns og hreppsnefndar, ekki nægar fóðurbirgðir handa fénaði sínum, ef harðan vetur gerir, og er honum þá skylt innan 2 vikna að útvega sér viðbótarforða eða fækka af fóðrum, svo sem þurfa þykir.

Vanræki fénaðareigandi skyldur sínar í þessu efni, skal hreppsnefndin útvega þann forða, er á vantar, svo fljótt sem verða má, og ber þá búfjáreiganda að greiða allan kostnað við útvegum forðans, flutning hans og geymslu, enda á hann rétt á að taka til forðans hvenær sem er að vetrinum, gegn fullri greiðslu eða tryggingu, sem hreppsnefnd tekur gilda.

Sé ókleift að útvega fóður, er hreppsnefndinni rétt, með aðstoð fógeta, að koma fénaði aðilja í fóður, slátra honum eða selja, svo sem þurfa þykir.

Sýni hlutaðeigandi fjáreigandi mótþróa gegn fyrirmælum hreppsnefndar um fækkun fénaðar, getur hún látið framkvæma þau með aðstoð fógeta.

5. gr.

Fyrri málsgr. 11. greinar laganna falli burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.